

Auglýsing

um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að gjald vegna stöðvunarbrota samkvæmt 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skuli vera 10.000 kr. Þó skal gjald vegna brota gegn reglum um notkun stöðureita skv. 86. gr., sbr. f-lið 1. mgr. 109. gr. laganna vera 5.000 kr. Þá skal gjald vegna brota gegn reglum um stöðvun og lagningu í merkt stæði fyrir ökutæki fatlaðs fólks skv. a-lið 2. mgr. 29. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. laganna vera 20.000 kr.

2. gr.

Fjárhæðir skv. 1. gr. gilda þar sem álagning fer ekki fram á vegum sveitarfélags sem ákveðið hefur fjárhæð í gjaldskrá sem ráðherra hefur staðfest.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Ákvörðun þessi sem tekin er skv. heimild í 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 316/1993 með síðari breytingum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, . XXXX 2020.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.